

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Sjálfsmatsskýrsla skólaárið 2008 til 2009



Þórarinn Ingólfsson

Efnisyfirlit

| | |
|--|--------|
| Efnisyfirlit..... | Bls. 1 |
| Stýrihópurinn..... | Bls. 2 |
| Úttekt á sjálfsmatinu..... | Bls. 2 |
| Hvað var gert á skólaárinu..... | Bls. 2 |
| Lykilþættir 1 og 6..... | Bls. 2 |
| Hugað að gæðum náms og kennslu (GNOK)..... | Bls. 3 |
| Lykilþættir 2 og 3..... | Bls. 3 |
| GNOK..... | Bls. 4 |
| Grunnskólanemendur um áramót..... | Bls. 4 |
| Mötuneytiskönnun..... | Bls. 4 |
| Að loknu skólaárinu 2008 - 2009..... | Bls. 5 |

Fylgiskjöl

| | |
|---|---------|
| Bréf vegna útttekta á sjálfsmatinu..... | Bls. 6 |
| Niðurstöður matsins..... | Bls. 6 |
| Leiðbeiningar vegna sjálfsmats 3. október 2008..... | Bls. 7 |
| Niðurstöður sjálfsmats 3. október 2008..... | Bls. 8 |
| Samanburður niðurstaðna 2007 og 2008..... | Bls. 10 |
| Aðgerðaáætlun vegna sjálfsmats 3. okt.2008..... | Bls. 12 |
| Leiðbeiningar vegna sjálfsmats 23. jan. 2009..... | Bls. 14 |
| Niðurstöður sjálfsmats 23. jan. 2009..... | Bls. 15 |
| Samanburður niðurstaðna 2007 og 2009..... | Bls. 17 |
| Aðgerðaáætlun vegna sjálfsmats 23. jan. 2009..... | Bls. 19 |
| GNOK 2009 heildarniðurstöður..... | Bls. 20 |
| GNOK 2009 samanburður 2003, 2005 og 2009..... | Bls. 21 |
| Nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót f.1993..... | Bls. 22 |
| Nemendur sem komu úr 10. bekk um áramót f.1992..... | Bls. 24 |
| Mötuneytiskönnun..... | Bls. 26 |

STÝRIHÓPURINN

Á skólaárinu voru sömu einstaklingar í stýrihópnum um sjálfsmat og enduðu starfið á vorönn 2008. Þeir einstaklingar sem áttu sæti í hópnum voru: Þórarinn Ingólfsson aðstoðarskólameistari, sem stýrði vinnu hópsins, Björgvin Eyjólfur Björgvinsson, Þórunn Jóna Hauksdóttir og Ægir Sigurðsson sviðsstjórar. Fyrirkomulagið var sem áður þannig að hópurnir hittist á fundum einu sinni í viku. Á þeim fundum var starfið skipulagt og þau áhersluatriði dregin fram sem skoða þurfti betur. Alls urðu fundirnir 24 og var þeim bróðurlega skipt á milli anna þ.e.a.s. að 12 fundir fóru fram á haustönn 2008 og 12 fundir á vorönn 2009.

ÚTTEKT Á SJÁLFSMATINU

Við upphaf haustannar barst bréf þar sem fram kom að taka ætti út sjálfsmatsaðferðir skólans á haustönninni. Sú úttekt fór fram og komu í heimsókn þeir sem stóðu að könnuninni og ræddu við ýmsa aðila innan skólans. Auk þess fengu þeir sem stóðu að könnuninni gögn frá skólanum þar sem fram kom útskýring á framkvæmd sjálfsmats við skólann. Niðurstöður þessarar úttektar voru mjög góðar fyrir skólann og kom fram í þeim að skólinn stæðist allar þær kröfur sem gerðar væru um fullnægjandi sjálfsmatsaðferðir.

HVAÐ VAR GERT Á SKÓLAÁRINU

Á fyrsta fundi stýrihóps um sjálfsmat var lögð fram áætlun um hvernig haga ætti sjálfsmatinu á skólaárinu. Í þessari áætlun var stefnt að því að leggja fyrir skimun og vinna að lykilmáttum 1 og 6 á haustönninni. Stefnt var að sjálsmatsfundum með kennurum 3. október og 7. nóvember. Á vorönn var stefnt að því að skoða lykilmátti samkvæmt fyrirfram ákveðnu skipulagi. Einnig var stefnt að því á vorönn að leggja fyrir könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK), kanna aftur viðhorf nemenda sem komu inn í skólann um áramót úr 10. bekk sem og að athuga með viðhorf fólks til mótuneytis eftir breytingar. Segja má að flest af því sem fyrirhugað var að



framkvæma hafi verið gert, en þó var almennri skimun sleppt sem ná átti yfir alla þætti starfsins og í staðinn var ákveðið að byrja strax á fyrstu lykilmáttunum.

LYKILMÁTTIR 1 OG 6

Kennarar unnu að lykilmáttum 1 (Um skólann) og 6 (Saga og þróun). Ákveðið var að

hafa ekki nemendur eða utanaðkomandi aðila með í þessum hluta og láta kennara vinna þetta aftur eins og gert var 23. mars 2007. Unnið var að þessum lykilpáttum 3. október 2008 og fengust núna samanburðaniðurstöður við fyrri könnun sem mjög fróðlegt var að skoða og velta fyrir sér. Að lokinni könnun tók stýrihópurinn niðurstöðurnar fór yfir þær og vann aðgerðaáætlun í framhaldi af því. Á kennarafundi 21. nóvember voru niðurstöður úr vinnu kennara kynntar á nýstárlegan hátt og einnig var farið yfir aðgerðaáætlun.

HUGAÐ AÐ GÆÐUM NÁMS OG KENNSLU (GNOK)

Á síðasta fundi haustannar hjá stýrihópi var farið að huga að fyrirlögn könnunar á gæðum náms og kennslu (GNOK). Áhugi var fyrir því að leggja könnunina fyrir í Angel kennsluumhverfinu og var ákveðið að fá upplýsingatæknihópin til þess að skoða þau mál.

LYKILÞÆTTIR 2 OG 3



Fyrsti fundur stýrihóps um sjálfsmat á vorönn var notaður til þess að hefja undirbúning að fundi með kennurum og völdum hópi nemenda til þess að skoða lykilþætti 2 (Námið) og 3 (Starfsfólk). Tólf nemendur úr nemendaráði voru fengnir til þess að mæta á vinnufundinn 23. janúar (36 ár frá eldgosinu í Eyjum) og má með sanni segja að þeir hafi unnið vel og samvirkusamlega að matinu. Þann sama dag unnu kennarar að þessu mati. Þetta

var í annað skiptið sem við leituðum til nemendaráðs varðandi þátttöku, en við gerðum það einnig þegar sömu lykilþættir voru metnir árið 2007. Stýrihópur um sjálfsmat tók við öllum niðurstöðum og fór yfir þær. Bornar voru saman niðurstöður frá vinnunni 23. janúar og frá 12. október 2007. Aðgerðaáætlun var gerð eftir að allt hafði verið skoðað vandlega og viðkomandi einstaklingar sem tengdust ákveðnum aðgerðum látnir vita um hvað þyrfti að gera.



GNOK

Eftir að úrvinnsla á vinnunni frá 23. janúar lauk var farið að huga að fyrirlögn á könnun á gæðum náms og kennslu (GNOK) í dagskóla. Aftur var talað við upplýsingatæknihópinn og þau beðin um að kanna möguleika á að leggja GNOK fyrir í gegnum tölvurnar. Eftir að þau höfðu legið yfir þessu verkefni kom í ljós að einfaldara væri að leggja könnunina fyrir á pappír. Könnunin var lögð fyrir dagana 30.



mars til 3. apríl og var fyrirkomulagið þannig að nokkrir einstaklingar utan skólans (eldri borgarar þar á meðal) voru fengnir til að ganga í stofur og leggja könnunina fyrir nemendum viðkomandi hópa. Alls voru kannaðir 276 hópar og bárust 3804 svör frá nemendum. Þetta voru nánast allir hópar sem kenndir voru á vorönn. Sleppt var að kanna akademíur, hestmennsku, nokkra hópa á starfsbraut og styttri námskeið. Allir áfangar voru dulkóðaðir og einnig kennararnir. Niðurstöður voru síðan slegnar inn af vöskum starfsmönnum og Helgi Hermannsson vann úr tölunum í SPSS. Könnunin var sú sama og notuð var 2005 og að mestu leyti sömu spurningar og vorið 2003. Með þessu var hægt að bera saman niðurstöður vorannar 2009 og niðurstöðurnar frá fyrri árum. Í ljós kom að niðurstöðurnar voru heldur betri fyrir árið 2009 en fyrri ár. Niðurstöður voru kynntar á kennarafundi 19. maí og fengu kennarar þá afhentar sínar niðurstöður í lokuðu umslagi með útskýringu á sinni dulkóðun og samanburði við heildina.

GRUNNSKÓLANEMENDUR UM ÁRAMÓT

Könnun fyrir grunnskólanemendurna sem komu inn nú um áramótin var lögð fyrir í umsjón 17. apríl einnig var sama dag könnun lögð fyrir grunnskólanemendurna sem komu inn um áramótin 2007 – 2008. Niðurstöður úr könnununum bendir til þess að ástæða sé til að halda áfram að bjóða upp á þennan valmöguleika fyrir nemendur í 10. bekk.

MÖTUNEYTIKÖNNUN



Í byrjun maí var opnað á mötuneytiskönnun í Angel og var hún höfð opin frá 4. til 14. maí. Þátttaka í könnuninni var rúmlega 50% og var þetta sama könnun og lögð var fyrir á vordögum 2008. Í framhaldi af niðurstöðum könnunarinnar sem svarað var núna skoðaði stýrihópurinn mögulegar aðgerðir til þess að bæta úr því sem betur mætti fara.

AÐ LOKNU SKÓLAÁRINU 2008 - 2009

Að loknu þessu skólaári er ljóst að haldið verður áfram með skoska sjálfsmatskerfið „How good is our school“ HGIOS því talið er að það virki vel fyrir skoðun á helstu þáttum skólans. Núna eftir að við hófum aðra umferð sjáum við hvort það sem unnið hefur verið að til bóta hafi skilað sér þannig að kennarar séu meðvitaðir um þá þætti. Reikna má með að við þurfum að endurskoða spurningalista þegar lagt verður af stað í þriðju umferð þar sem ákveðnar breytingar hafa átt sér stað og þarf að bregðast við þeim á réttan hátt. Stýrihópnum tókst ekki að fá aðila utan skólans til þátttöku í matinu og verður haldið áfram að leita leiða til að fá fyrirtæki og foreldra til samstarfs og þátttöku. Hugmynd hefur komið upp að stofna nefnd til að vinna að þeim málum og myndi sú nefnd einnig vinna að auknum almennum tengslum skóla og atvinnulífs. Stefnt skal að því að kanna aftur gæði náms og kennslu á vorönn 2011 og gera það þá með sama spurningalista og nú er notaður til þess að fá áframhaldandi samanburð bæði fyrir heildina og einnig að hver og einn kennari hafi möguleika á að skoða stöðu sína með tilliti til fyrri niðurstaðna.



Einstaklingar sem aðstoðuðu okkur við fyrirlögn GNOK könnunar í lok vorannar 2009

Fylgiskjöl

BRÉF VEGNA ÚTTEKTAR Á SJÁLFSMATINU

Ágæti skólameistari

Með erindisbréfi dagsettu 22. ágúst 2008 hefur undirrituðum verið falið að framkvæma úttekt á sjálfsmatsaðferðum þíns skóla. Úttektin mun fara fram nú á yfirstandandi haustmisseri, á grundvelli 23. greinar laga nr. 80/1996 um framhaldsskóla.

Úttekt á sjálfsmatsaðferðum byggir einkum á gögnum frá viðkomandi skóla auk heimsóknna í skólann og viðtölum við stjórnendur/forsvarsmenn sjálfsmats, fulltrúa kennara og nemenda eftir því sem við á. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferli skólans þurfa úttektaraðilar að kynna sér þær aðferðir sem skólinn notar við sjálfsmatið, sem og þau gögn sem skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu og úrvinnslu. Úttektin felur ekki í sér efnislega umfjöllun um einstaka þætti skólastarfsins eða gæði þess heldur er henni ætlað að gefa upplýsingar um hvort þær aðferðir sem einstakir skólar beita við sjálfsmat uppfylli faglegar kröfur og styðji umbótastarf í skólanum. Dæmi um þá þætti sem sjálfsmat skal taka til eru stjórnun, kennsla, námsmat samskipti og samstarf.

Hér með óskum við eftir gögnum um stöðu sjálfsmats í þínum skóla. Geta þau gögn ýmist verið á rafrænu eða pappírformi og falist í sjálfsmatsskýrslu, vinnumöppum vegna sjálfsmats og/eða öðrum þeim gögnum sem forsvarsmenn sjálfsmats í skólanum telja að gefi skýrasta mynd af stöðu sjálfsmats í skólanum. Ef gögnin eru á heimasíðu skólans óskum við eftir ábendingum um hvaða efni um er að ræða.

Þegar við höfum farið yfir gögnin munum við heimsækja skólann, en stefnt er að því að sú heimsókn fari fram í október og nóvember. Niðurstöðum úttektarinnar verður skilað til Menntamálaráðuneytisins eigi síðar en 1. desember nk.

Við munum hafa samband við símleiðis innan skamms til að ýta úttektarferlinu úr vör.

Með bestu kveðju,

Unnar Hermannsson, Ásrún Matthíasdóttir og Þróstur Olaf Sigurjónsson

NIÐURSTÖÐUR MATSINS

Farið var á fund í Fjölbrautaskóla Suðurlands þar sem rætt var við (a) sjálfsmatshóp, (b) fulltrúa kennara og (c) fulltrúa nemenda.

Ljóst er að unnið hefur verið markvisst að sjálfsmati um nokkur ára skeið við skólann. Núna er lögð áhersla á að innleiða skoska sjálfsmatskerfið How good is our school en kerfið fellst í að settar eru fram fullyrðingar sem síðan eru ræddar í blönduðum hópum kennara og starfsmanna.

Sjálfsmatið tekur til allra helstu þátta í skólastarfinu og virðist vera mjög hvetjandi og virkja alla starfsmenn.

Árlega er unnin viðamikil ársskýrsla með ítarlegum upplýsingum um starf hvers skólaárs.

Sjálfsmatsskýrslur eru opinberar og er þær að finna á vef skólans (www.fsu.is). Þar er að finna mjög ítarlegt stöðumat á starfi skólans, en stöðumatið er unnið er samkvæmt How good is our school kerfinu.

Stjórnendur skólans hafa hvatt kennara og starfslíð til góðra verka hvað sjálfsmatið varðar og er mikil ánægja með How good is our school kerfið. Kennarar nefndu sérstaklega hvað vinna við sjálfsmatið skapaði meiri tengsl milli kennara ólíkra faggreina og opnaði dyr á milli deilda.

Að okkar mati uppfyllir Fjölbrautaskóli Suðurlands allar kröfur menntamálaráðuneytisins til sjálfsmatsins

Kveðja

Ásrún, Þróstur og Unnar

Leiðbeiningar vegna sjálfsmats 3. október 2008

Tími Föstudagsfundur

Þátttakendur Kennarar skólans

Verkefni.

- Ø Hver hópur svarar mismunandi spurningum (Hópur A svarar A - liðum, hópur B svarar B – liðum, hópur C svarar...).
- Ø Svör skulu rökstudd með að minnsta kosti fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum)
- Ø Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast)

Þegar komið er að því að gefa lykilþáttum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

- Ø Gefið er 6 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um gott starf
- Ø Gefið er 5 ef matið er stutt af 4 vísbendingum um gott starf og 1 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefnir eru 4 ef matið er stutt af 3 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefnir eru 3 ef matið er stutt af 2 vísbendingum um gott starf og 2 sem þyrfti að bæta (Hér þarf einungis að finna fjögur dæmi sem styðja einkunnagjöf)
- Ø Gefnir eru 2 ef matið er stutt af 1 vísbendingu um gott starf og 4 sem þyrfti að bæta
- Ø Gefið er 1 ef matið er stutt af 5 vísbendingum um starf sem þyrfti að bæta

Hvert á að skila niðurstöðum?

- Ø Hver hópur skilar niðurstöðum inn í möppu sem hefur slóðina:
H:\starfsfolk\Sjalfsmat-3. október 2008
Heiti skjals skal vera ----- > (A - hópur, B – hópur, C – hópur...)

Niðurstöður 3. okt 2008

Sjálfsmat 3. okt. 2008

| Pemu | | | Mat | | | | | |
|-----------------------------------|------------|---|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| Lykilþáttur: 1. Um skólann | | | | | | | | |
| Hó | 1.1 | Skipulag | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| A | 1 | Skipulag skólastarfsins er skýrt og aðgengilegt. | | | | | X | |
| A | 2 | Skipulag skólastarfsins mætir mismunandi námsþörfum nemenda. | | | | | | X |
| A | 3 | Skipulag skólastarfsins mætir þörfum ólíkra þjóðfélagshópa. | | X | | | | |
| A | 4 | Skipulag skólastarfsins mætir þörfum allra aldurshópa. | | X | | | | |
| A | 5 | Stjórnendur skólans eru aðgengilegir. | | | | | | X |
| B | 6 | Skipulag á stjórnun skólans er skilvirkt. (fagstjóri/kennslustjóri/sviðsstjóri.....) | | | X | | | |
| B | 7 | Er haustfríð æskilegt? | | | | | X | |
| B | 8 | Skipulag próftöflu er gott. | | | | | X | |
| B | 9 | 80. mín. eyktarskipan reynist vel. | | | | X | | |
| B | 10 | Stokkataflan er góð. | | | | | | X |
| C | 11 | Á að taka upp fjarnám? | X | | | | | |
| | 1.2 | Markmið og stefnur | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| C | 12 | Forvarnarstefna skólans er skýr og aðgengileg og henni er framfylgt | | | | X | | |
| C | 13 | Skólinn hefur skýrt mótaða jafnréttisáætlun og fylgir henni eftir. | | | | | X | |
| C | 14 | Starfsmannastefna skólans er skýr og aðgengileg og henni er framfylgt. | | | | | | X |
| C | 15 | Skólinn hefur skýrt mótaða umhverfisstefnu og fylgir henni eftir. | | | | | X | |
| D | 16 | Markmið skólans eru skýr. | X | | | | | |
| D | 17 | Markmiðum skólans er fylgt eftir | | | X | | | |
| D | 18 | Markmið skólans bæta skólastarfið | | X | | | | |
| | 1.3 | Húsnæði og lóð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| D | 19 | Aðgengi er gott í og að húsum skólans. | | | | X | | |
| D | 20 | Bílastæði eru næg og umferð um þau greið. | X | | | | | |
| E | 21 | Umgengni um hús og lóð er góð. | | | X | | | |
| E | 22 | Húsnæði hentar starfsemi og markmiðum skólans | | | X | | | |
| E | 23 | Aðstaða nemenda er fullnægjandi. | | X | | | | |
| E | 24 | Aðstaða starfsfólks er fullnægjandi. | | | X | | | |
| E | 25 | Skólahúsnæðið er vel þrifið. | | | | | | X |
| | 1.4 | Öryggismál | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| F | 26 | Innan skólans er starfandi öflugt teymi öryggisfulltrúa. | | | X | | | |
| F | 27 | Lýsing á lóð er góð. | | | | X | | |
| F | 28 | Öryggi gangandi og akandi vegfaranda er nægilegt á lóð skólans. | | | X | | | |
| F | 29 | Brunaæfingar einu sinni á ári nægja. | | X | | | | |
| F | 30 | Upplýsingar er varða öryggi nemenda og starfsmanna eru aðgengilegar. | | | | | | X |
| G | 31 | Starfsmönnum er kynntur vandi nemenda sem geta fengið | | | X | | | |

| | | | | | | | | | |
|---|------------|--|----------|----------|----------|----------|----------|----------|---|
| | | bráðatilfelli. | | | | | | | |
| | 1.5 | Forvarnir | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | |
| G | 32 | Forvarnarteymi er starfandi í skólanum. | | X | | | | | |
| G | 33 | Nemendur fá öfluga fræðslu um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna. | | | | X | | | |
| G | 34 | Er nægileg vinna á vegum skólans gegn þunglyndi, klíkumyndun, einelti? | | | | | X | | |
| G | 35 | Er nægileg vinna á vegum skólans gegn tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum? | | X | | | | | |
| H | 36 | Vinnur skólinn nægilega að forvörnum í tengslum við skemmtanir NFSu. | | | | | | X | |
| | | Lykilþáttur: 6 Saga og þróun | | | | | | | |
| | 6.1 | Saga skólans | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | |
| H | 37 | Saga skólans er nægilega sýnileg. | | | | X | | | |
| H | 38 | Saga skólans er skráð og birt reglulega. | | | X | | | | |
| H | 39 | Úrvinnsla gagna um starfsemi og þróun skólans er í lagi | | X | | | | | |
| H | 40 | Myndefni tengt sögu skólans er nægilegt og aðgengilegt | | | | X | | | |
| I | 41 | Vakin er athygli á sögu þessarar merku stofnunar. | | | | | X | | |
| | 6.2 | Skýrslur | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | |
| I | 42 | Skýrslur skólans eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. | | | | | | X | |
| I | 43 | Skýrslur um einstaka þætti skólans eru unnar og starfsmönnum skólans aðgengilegar. | | | | | | | X |
| I | 44 | Skýrslur skólans eru notaðar við faglegar umræður innan skólans. | | | | | X | | |
| J | 45 | Skýrslur skólans eru notaðar við skólaþróun og til úrbóta í skólastarfi. | | | | | X | | |
| J | 46 | Er æskilegt að allir hafi aðgang að skýrslum skólans á vefnum? | | | | X | | | |
| J | 47 | Skýrslur auka upplýsingaflæðið. | | | X | | | | |
| | 6.3 | Veffréttir | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | |
| J | 48 | Veffréttir endurspeglar starf skólans. | | | | X | | | |
| J | 49 | Veffréttir eru fræðandi og upplýsandi um skólastarfið. | | | | | X | | |
| K | 50 | Veffréttir draga upp jákvæða mynd af skólanum út á við. | | | | | | X | |
| K | 51 | Veffréttir eru nauðsynlegar. | | | | | | X | |
| K | 52 | Útlit veffrétta er gott. | | | | | X | | |
| | 6.4 | Sjálfsmat | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | |
| K | 53 | Kennarar/starfsfólk skólans er meðvitað um hvað felst í skipulögðu sjálfsmati í FSu. | | | X | | | | |
| K | 54 | Sjálfsmatskerfi skólans er gott. | | | | | | X | |
| L | 55 | Sjálfsmatskerfi skólans nær til allra þátta skólastarfsins. | | X | | | | | |
| L | 56 | Kennslukannanir eru mikilvægar. | | | | | | X | |
| L | 57 | Sjálfsmat kennara er mikilvægt. | | | | | X | | |
| | 6.5 | Nýbreytni | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 | |
| L | 58 | Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið. | | X | | | | | |
| L | 59 | Íþróttakademiur eru jákvæð viðbót við námsframboð í FSu. | | | | | | X | |
| M | 60 | Hestabrautin er jákvæð viðbót við námsframboð í FSu. | | | | | X | | |
| M | 61 | Skólayfirvöld eru jákvæð gagnvart nýbreytni í skólastarfi. | | | | | | X | |
| M | 62 | Það er jákvætt að taka inn nemendur úr 10. bekk um áramót. | | | | X | | | |
| M | 63 | Nýbreytni í skólastarfi er mikil. | | | | | X | | |
| M | 64 | Unnið er skipulega að nýbreytni í skólastarfi. | | | | | | X | |

Samanburður 2007 – 2008

Sjálfsmat 3. okt. 2008

Sjálfsmat 23. mars 2007

| Pemu | | Mat | | | | | |
|----------------------------|------------------------|---|---|---|---|---|---|
| Lykilþáttur: 1. Um skólann | | | | | | | |
| | 1.1 Skipulag | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| A | 1 | Skipulag skólastarfsins er skýrt og aðgengilegt. | | | | | |
| A | 2 | Skipulag skólastarfsins mætir mismunandi námsþörfum nemenda. | | | | | |
| A | 3 | Skipulag skólastarfsins mætir þörfum ólíkra þjóðfélagshópa. | | | | | |
| A | 4 | Skipulag skólastarfsins mætir þörfum allra aldurshópa. | | | | | |
| A | 5 | Stjórnendur skólans eru aðgengilegir. | | | | | |
| B | 6 | Skipulag á stjórnun skólans er skilvirkt. (fagstjóri/kennslustjóri/sviðsstjóri.....) | | | | | |
| B | 7 | Er haustfríð æskilegt? | | | | | |
| B | 8 | Skipulag próftöflu er gott. | | | | | |
| B | 9 | 80. mín. eyktarskipan reynist vel. | | | | | |
| B | 10 | Stokkataflan er góð. | | | | | |
| C | 11 | Á að taka upp fjarnám? | | | | | |
| | 1.2 Markmið og stefnur | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| C | 12 | Forvarnarstefna skólans er skýr og aðgengileg og henni er framfylgt | | | | | |
| C | 13 | Skólinn hefur skýrt mótaða jafnréttisáætlun og fylgir henni eftir. | | | | | |
| C | 14 | Starfsmannastefna skólans er skýr og aðgengileg og henni er framfylgt. | | | | | |
| C | 15 | Skólinn hefur skýrt mótaða umhverfisstefnu og fylgir henni eftir. | | | | | |
| D | 16 | Markmið skólans eru skýr. | | | | | |
| D | 17 | Markmiðum skólans er fylgt eftir | | | | | |
| D | 18 | Markmið skólans bæta skólastarfið | | | | | |
| | 1.3 Húsnæði og lóð | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| D | 19 | Aðgengi er gott í og að húsum skólans. | | | | | |
| D | 20 | Bílastæði eru næg og umferð um þau greið. | | | | | |
| E | 21 | Umhengni um hús og lóð er góð. | | | | | |
| E | 22 | Húsnæði hentar starfsemi og markmiðum skólans | | | | | |
| E | 23 | Aðstaða nemenda er fullnægjandi. | | | | | |
| E | 24 | Aðstaða starfsfólks er fullnægjandi. | | | | | |
| E | 25 | Skólahúsnæðið er vel þrifið. | | | | | |
| | 1.4 Öryggismál | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| F | 26 | Innan skólans er starfandi öflugt teymi öryggisfulltrúa. | | | | | |
| F | 27 | Lýsing á lóð er góð. | | | | | |
| F | 28 | Öryggi gangandi og akandi vegfaranda er nægilegt á lóð skólans. | | | | | |
| F | 29 | Brunaæfingar einu sinni á ári nægja. | | | | | |
| F | 30 | Upplýsingar er varða öryggi nemenda og starfsmanna eru aðgengilegar. | | | | | |
| G | 31 | Starfsmönnum er kynntur vandi nemenda sem geta fengið bráðatilfelli. | | | | | |

| 1.5 Forvarnir | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
|-------------------------------------|----|--|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| G | 32 | Forvarnarteymi er starfandi í skólanum. | | X | | | | |
| G | 33 | Nemendur fá öfluga fræðslu um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra fíkniefna. | | | | X | | |
| G | 34 | Er nægileg vinna á vegum skólans gegn þunglyndi, klíkumyndun, einelti? | | | | | X | |
| G | 35 | Er nægileg vinna á vegum skólans gegn tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum? | | X | | | | |
| H | 36 | Vinnur skólinn nægilega að forvörnum í tengslum við skemmtanir NFsu. | | | | | X | |
| Lykilþáttur: 6 Saga og þróun | | | | | | | | |
| 6.1 Saga skólans | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| H | 37 | Saga skólans er nægilega sýnileg. | | | | X | | |
| H | 38 | Saga skólans er skráð og birt reglulega. | | | X | | | |
| H | 39 | Úrvinnsla gagna um starfsemi og þróun skólans er í lagi | | X | | | | |
| H | 40 | Myndefni tengt sögu skólans er nægilegt og aðgengilegt | | | | X | | |
| I | 41 | Vakin er athygli á sögu þessarar merku stofnunar. | | | | | X | |
| 6.2 Skýrslur | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| I | 42 | Skýrslur skólans eru aðgengilegar á heimasíðu skólans. | | | | | | X |
| I | 43 | Skýrslur um einstaka þætti skólans eru unnar og starfsmönnum skólans aðgengilegar. | | | | | | X |
| I | 44 | Skýrslur skólans eru notaðar við faglegar umræður innan skólans. | | | | | X | |
| J | 45 | Skýrslur skólans eru notaðar við skólaþróun og til úrbóta í skólastarfi. | | | | | X | |
| J | 46 | Er æskilegt að allir hafi aðgang að skýrslum skólans á vefnum? | | | | X | | |
| J | 47 | Skýrslur auka upplýsingaflæðið. | | | X | | | |
| 6.3 Veffréttir | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| J | 48 | Veffréttir endurspeгла starf skólans. | | | | X | | |
| J | 49 | Veffréttir eru fræðandi og upplýsandi um skólastarfið. | | | | | X | |
| K | 50 | Veffréttir draga upp jákvæða mynd af skólanum út á við. | | | | | | X |
| K | 51 | Veffréttir eru nauðsynlegar. | | | | | | X |
| K | 52 | Útlit veffrétta er gott. | | | | | X | |
| 6.4 Sjálfsmat | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| K | 53 | Kennarar/starfsfólk skólans er meðvitað um hvað felst í skipulögðu sjálfsmati í FSu. | | | X | | | |
| K | 54 | Sjálfsmatskerfi skólans er gott. | | | | | | X |
| L | 55 | Sjálfsmatskerfi skólans nær til allra þátta skólastarfsins. | | X | | | | |
| L | 56 | Kennslukannanir eru mikilvægar. | | | | | | X |
| L | 57 | Sjálfsmat kennara er mikilvægt. | | | | | X | |
| 6.5 Nýbreytni | | | 1 | 2 | 3 | 4 | 5 | 6 |
| L | 58 | Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið. | | X | | | | |
| L | 59 | Íþróttaakademíur eru jákvæð viðbót við námsframboð í FSu. | | | | | | X |
| M | 60 | Hestabrautin er jákvæð viðbót við námsframboð í FSu. | | | | | X | |
| M | 61 | Skólafirvöld eru jákvæð gagnvart nýbreytni í skólastarfi. | | | | | | X |
| M | 62 | Það er jákvætt að taka inn nemendur úr 10. bekk um áramót. | | | | X | | |
| M | 63 | Nýbreytni í skólastarfi er mikil. | | | | | X | |
| M | 64 | Unnið er skipulega að nýbreytni í skólastarfi. | | | | | | X |

Aðgerðaáætlun í framhaldi af mati á haustönn 2008

3. Skipulag skólstarfsins mætir þörfum ólíkra þjóðfélagshópa.
 - Taka skal tillit til þessa þegar ný námskrá verður samín.
Ábyrgðaraðili: Örlygur
6. Skipulag á stjórnun skólans er skilvirkt
 - Skoða skil milli kennslustjóra og fagstjóra, skoða starfslýsingar og endurskoða.
Ábyrgðaraðili: Áttufundur
11. Á að taka upp fjarnám.
 - Breyta eða endurskoða þarf þessa spurningu.
Ábyrgðaraðili: Sjálfsmatshópur
16. Markmið skólans eru skýr.
 - Kynna þarf markmið skólans, benda starfsfólki á markmið á heimasíðu með tölvupósti. Kynna á kennarafundi 21. nóv.
Ábyrgðaraðili: Sjálfsmatshópur (kynnti á kennarafundi 21. nóv.)
17. Markmiðum skólans er fylgt eftir.
 - Sjá 16
18. Markmið skólans bæta skólstarfið
 - sjá 16
20. Bílastæði eru næg og anna eftirspurn.
 - Klemma er í notkun, verður notuð áfram.
 - Yfirleitt eru laus stæði norðan við Hamar/löðu
 - Skipulag svæðis er í endurskoðun með tilliti til verknámshúss.
 - Vikuáttak með aðstoð lögreglu.
Ábyrgðaraðili: Örlygur/bygginganefnd
21. Umgengni um hús og lóð er góð.
 - Beinum því til umhverfisnefndar að finna nýjar jákvæðar leiðir til að bæta umgengni.
Ábyrgðaraðili: Umhverfisnefnd, Þórarinn vísar til umhverfisnefndar
22. Húsnæði hentar starfsemi og markmiðum skólans.
 - Unnið er að því að fá nýtt verknámshús.
Ábyrgðaraðili: Örlygur/bygginganefnd
23. Aðstaða nemenda er fullnægjandi
 - Reyna að hvetja nemendaráð til skapandi starfs/nýjir klúbbar hugsanlega.
Ábyrgðaraðili: Nemendaráð
24. Aðstaða starfsfólks er fullnægjandi
 - Stefnt að því að fá sófa í Þingdal, eins og staðan er núna verður ekkert gert.
Ábyrgðaraðili: Örlygur
26. Innan skólans er öflugt teymi öryggisfulltrúa
 - Teymið þarf að skilgreina boðleiðir og kynni sig, hugsanlega á kennarafundi.
Ábyrgðaraðili: Öryggisnefnd, Þórarinn hefur samband við öryggisnefnd

28. Öryggi gangandi og akandi er nægilegt á lóð skólans.
- Klemma er notuð
 - Skipulag mun breytast vegna verknámshúss.
Ábyrgðaraðili: Örlygur/bygginganefnd
31. Starfsmönnum er kynntur vandi nemenda sem geta fengið bráðatilfelli
- Vísa til námsráðgjafa og kennslustjóra starfsbrautar sem búa til verkferil.
Ábyrgðaraðili: Námsráðgjafar og kennslustjórar
32. Forvarnarteymi er starfandi í skólanum?
- Forvarnarteymi hefur kynnt sig.
Ábyrgðaraðili: Forvarnarteymi
35. Er nægileg vinna á vegum skólans gegn tóbaki, áfengi og öðrum vímuefnum?
- Vísa til forvarnarteymis, að þau kynna sína vinnu varðandi þetta atriði.
Ábyrgðaraðili: Forvarnarteymi
37. Saga skólans er nægilega sýnileg.
- Vísa til Elísabetar H. að safna myndum úr sögu skólans og setja upp.
Ábyrgðaraðili: Elísabet H. Harðar. Svið ræða við EH.
38. Saga skólans er skráð og birt reglulega.
- Vinnum í því að finna aðila til að skrá sögu skólans fyrir 30 ára afmæli. Athuga þarf kostnað við skrif og útgáfu.
Ábyrgðaraðili: Örlygur
- Sett í bið vegna efnahagsástands 20.jan 09.
39. Úrvinnsla gagna um starfsemi og þróun skólans er í lagi.
- Upplýsingar um gengi fyrir og eftir veru í FSu snertir lítið úrvinnslu gagna um starfsemi og þróun skólans.
Ábyrgðaraðili: Sjálfsmatshópur athugar fullyrðingu
47. Skýrslur auka upplýsingaflæðið.
- Beina því til kennslustjóra og þeirra sem vinna skýrslur að vilji þeir koma á framfæri trúnaðarupplýsingum á skal gera það í sérskýrslu og koma til sviðsstjóra/aðstoðarskólameistara. Sviðsstjórar setji í verkferil um skýrslugerð.
Ábyrgðaraðili: Sviðsstjórar – var kynnt á kennarafundi í nóv.
53. Kennarar/starfsfólk skólans er meðvitað um hvað felst í skipulögðu sjálfsmati í Fsu
- Stýrihópur um sjálfsmat mun leggja sig fram við að kynna niðurstöður á jákvæðan hátt.
 - Kynna þarf niðurstöður einstakra atriða.
Ábyrgðaraðili: Sjálfsmatshópur
55. Sjálfsmatskerfi skólans nær til allra þátta skólastarfsins.
- Finna þarf leiðir til að ná til fleiri aðila innan skólans.
Ábyrgðaraðili: Sjálfsmatshópur/Áttan
58. Skólinn þróast í takt við þjóðfélagið.
- Lagt til að myndaður verði hópur sem kemur með tillögur til að verðlauna og halda á lofti afburðarnemendum/góðum nemendum.
Ábyrgðaraðili: Sjálfsmatshópur/Áttan

Leiðbeiningar vegna sjálfsmats 23. jan. 2009

Tími Föstudagsfundur
Þátttakendur Kennarar skólans og nemendur

Verkefni.

- Ø Hver hópur svarar mismunandi spurningum (Hópur A svarar A - liðum, hópur B svarar B – liðum, hópur C svarar...).
- Ø Svör skulu rökstudd með að minnsta kosti fimm dæmum (jákvæðum og/eða neikvæðum)
- Ø Hver hópur gefur hverju atriði einkunn (6 er best, 1 er lakast)

Þegar komið er að því að gefa lykilþáttum einkunn er notuð eftirfarandi aðferð:

